



Fundargerð

Fundur haldinn í vinnuhóp sveitarfélaga á Suðurnesjum, fimmtudaginn 11. júní 2020 kl. 12:00 í fundarsal SSS að Skógarbraut 945.

Fundarefni: Afhendingaröryggi rafmagns, heits eða kalts vatns á Suðurnesjum

Fundarefni: Afhendingaröryggi rafmagns, heits eða kalts vatns á Suðurnesjum

Mætt:

Sunna Björg Helgadóttir, Þóra Hlín Þórisdóttir, Hallgrímur Þorvaldsson, fulltrúar HS Orku,

Júlíus J. Jónsson, Svanur Árnason og Egill Þ. Sigmundsson fulltrúar HS Veitna,

Guðlaugur H. Sigurjónsson, Albert Albertsson fulltrúar Reykjanesbæjar,

Jón B. Einarsson og fulltrúar Suðurnesjabæjar,

Vignir Friðbjörnsson fulltrúi sveitarfélagsins Voga,

Ásmundur E. Þorkelsson fulltrúi Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja,

fulltrúi lögreglustjórans á Suðurnesjum,

Ásmundur Jónsson og fulltrúar Grindavíkur,

Sigurður Skarphéðinsson og Jón Guðlaugsson fulltrúar Almannavarna Suðurnesja fyrir utan Grindavíkur.

Forföll boðuðu, Arna Björg Rúnarsdóttir, Guðrún B. Sigurðardóttir, Gunnar Schram, Atli Geir Júlíusson

Fundargerð

1. Aðdragandi að skipun í vinnuhóp. Hópnum gert að gera áætlun um hvernig skuli bregðast við, ef til alvarlegra atburða (óveður, náttúruhamfarir) kemur þ.e. dreifing á heitu vatni til húshitunar, neysluvatni og rafmagni skerðist eða stöðvast.
 - Jón biður fólkið velkomið á fyrsta fund þessa verkefnis sem sveitarfélögin standa að.
2. Greina núverandi ástand, hvert hefur afhendingaröryggið verið til þessa og hvaða möguleikar eru á úrbótum?/
 - Albert segir að afhending á heitu og köldu vatni hafi aldrei brugðist í ca. 40 ár.
 - Egill bendir á og telur að fulltrúi Landsnets sem á og rekur aðveitukerfi rafmagns á svæðinu eigi að vera í hópnum.

- Spurt var hvort HS Orka gæti séð Suðurnesjabyggðum fyrir rafmagni (eyjakeysla) þegar aðveitukerfi Landsnets dettur út. Sannreynt hefur verið að vélar HS Orku geta vel annað aflþörf byggðanna. Þetta hefur verið prófað með því að frátengja aðveitukerfið. Þegar þungt óvænt högg kemur á aðveitukerfið t.d. vegna bilana hjá stóriðjunni þá hefur liðaverndarbúnaðu orkuveranna ekki ráðið við aðstæðurnar. HS Orka vinnur nú að lausn málsins. Júlíus segir að þegar Suðurnesjalína 2 komi, þá verði afhending á rafmagni tryggð a.m.k. hérna að norðanverðu en erfiðara er að eiga við afl til Grindavíkur.
- Varðandi heitt vatn er möguleiki að setja upp kyndistöð (-var) en það mun kosta mikið fjármagn og hafa mikil áhrif á verð heitavatnsins. Rætt um hvort skynsamlegt gæti verið til lengri tíma litið að leita að lághitasvæðum. Tvær lághitaholur önnur á Sandgerðisheiði og hin í Vogunum benda til að lághitavatn gæti verið að fá á svæðunum nærri byggð.
- Sunna kemur inn á að HS Orka hefur verið að vinna að gerð viðbragðsáætlana eftir að jarðhræringar byrjuð í kringum Þorbjörn við Grindavík.
- HS Orka og HS veitur ætla að setja saman vinnuhóp til að skoða málið

3. Hver eru líkleg tímamörk verkefnisins?

- Gert ráð fyrir að einhverjar niðurstöður verði tilbúnar í kringum áramótin 2020/2021

4. Næsti fundur

- Jón kemur inn á að nú séu að detta á sumarfrí og leggur til að hafa næsta fund í september. Tíminn fram að næsta fundi verði nýttur til að þróa verkið áfram og þá einkum HS Orka og HS Veitur sem draga upp sviðsmyndir og viðbragðsáætlanir þeim tengdum. Einnig þarf að fá að verkinu fulltrúa frá Landsneti og almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra.
- Fundarmenn eru sammála um að mikilvægt sé að sveitarfélögin gefi út hvað þau telja vera viðundandi afhendingaröryggi á rafmagni og heitu og köldu vatni.

Fundi slitið kl. 14:20